

Augnmælingar, fótaaðgerðir, nudd og sambærileg starfsemi

- Leiðbeiningar ef ekki er hægt að viðhafa 1 metra nándarmörk vegna COVID-19

Nauðsynlegt er að viðhalda sóttvarnaráðstöfunum og fylgja almennum [leiðbeiningum heilbrigðisyfirvalda](#). Sérhver stofa/starfsmaður er ábyrgur fyrir sóttvörnum á sínum stað og þarf að fylgja eigin reglum miðað við starfsemi og aðstæður í hverju bæjarfélagi á hverjum tíma.

Starfsmenn mega ekki koma í vinnu og viðskiptavinir mega ekki koma inn á stofu ef þeir:

- Eru í sóttkví.
- Eru í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu sýnatöku).
- Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
- Eru með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).

Almennar reglur

- Virðið reglu um 1 metra nándarmörk á milli viðskiptavina.
- Starfsmenn og viðskiptavinir skulu setja upp hlífðargrímu þegar ekki er hægt að virða 1 metra nándarmörk.
- Haldið góðri loftræstingu, opnið glugga.
- Hafið handspritt staðsett við inngang fyrir viðskiptavini.
- Komið fyrir fjarlægðarmerkingum þar sem það á við.
- Setjið upp aðstöðu til að sótthreinsa snertifleti og sótthreinsið snertifleti eins oft og unnt er en a.m.k. á milli viðskiptavina. Starfsmenn þvo og spritta hendur á milli hvers viðskiptavinar.
- Tryggið aðgang að handþvottaðstöðu og handspritti fyrir starfsmenn.
- Tryggið starfsmönnum aðgang að hlífðarbúnaði til að nota ef grunur vaknar um smit.
- Sameiginlega snertifleti ætti að lágmarka, s.s. tímarit og kaffiaðstaða fyrir gesti.
- Gangið frá sorpi í lokuðum pokum og setjið í sorpgeymslu.
- Strjúkið af öllum búnaði (borð, stólar, verkfæri) á milli gesta með Virkon og spritti eins oft og unnt er en a.m.k. á milli viðskiptavina.

Þjónusta við viðkæma hópa s.s. hárgreiðsla og hársnyrting/fótaaðgerð og fótsnyrting innan hjúkrunarheimila.

Er háð reglum hvers hjúkrunarheimilis á hverjum tíma.

Frekari upplýsingar um þrif, sóttvarnir og viðbrögð við grun um smit er að finna í [Leiðbeiningum til framlínustarfsmanna í atvinnulífinu](#).